

# SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

2020 - 2024



SÓKNARÁÆTLUN  
VESTURLANDS



SAMTÖK  
SVEITARFÉLAGA  
Á VESTURLANDI

# Ferðabók Eggerts og Bjarna 1752 – 1757

- Borgfirðingar eru misjafnlega stórir í vexti, en yfirleitt hærri en í meðallagi, vel á sig komnir, sterkir og hraustlegir á svip. Það sama á við um Dalamenn. Á Snæfellsnesi er vöxtur manna mjög fjölbreytilegur vegna þess að þar er allskonar fólk saman komið, t.d. úr nágrennahéruðunum Borgarfirði og Dalasýslu en fólkíð er þó dugmeira í þessari sýslu en sunnanlands.
- Borgfirðingar eru skynsamir menn. Þeir eru iðjusamir og stunda störf sín af mikilli kostgæfni. Sparsamir, hreinlátir í umgengni og lifnaðarháttum. Þá þykja þeir einnig fjörmeiri og glaðlegri en Sunnlendingar.
- Í Borgarfjarðarsýslu og Dalasýslu er sögulestur helsta dægradvöl uppsveitarmanna en af þeirri ástæðu er málið hreinna en við sjávarsíðuna.
- Í Borgarfjarðarsýslu eru húsin betri en sunnanlands. Þau eru skipulagðari og hreinlegri bæði að innan sem utan, að verðbúðunum á Akranesi og Mýrum undanskyldum sem líktust húsunum við sjávarsíðuna í Kjósarsýslu.
- Í Borgarfjarðarsýslu er mataræði reglulegra, óbrotnara og fornlegra en við sjávarsíðuna, þar sem útlendingar hafa kennt fólkinu allskonar nýbreytni. Í miðdegisverð er iðulega harðfiskur, nýr lax eða silungur með smjöri en stundum flatbrauð með osti. Um sláttinn og á haustin er kjötsúpa soðin í sýru og borðuð á helgidögum. Á veturna er sami matur allra virka daga en á hátíðis- og tyllidögum hangikjöt eða saltkjötssúpa. Í Snæfellsýslu er þessu háttað á svipaðan máta, munurinn þó einkum sá að þar er blautfiskur algengari og minna af mjólkurmat en í sveitunum.
- Í Dalasýslu klæðast karlmenn stuttum treyjum, brókum og vesti af innlendum vefnaði og með bláa skotthúfu á höfðinu. Peysa og pils ásamt röndóttri svuntu er almennasti kvenfatnaðurinn en hempurnar eru ekki eins algengar og áður. Í Mýra-, Hnappadals- og Borgarfjarðarsýslum er klæðnaður með nokkuð svipuðu móti og í Dalasýslu. Í megindrátum er það sama uppi á teningnum í Snæfellsýslu.



# Ferðabók Eggerts og Bjarna 1752 – 1757

- Í Borgarfjarðarsýslu á Vesturlandi sækja menn sjóinn að staðaldri en aðalstörf manna eru með svipuðum hætti og í Kjósarsýslu. Menn gæta þó heyskapar og annarrar árstíðarvinnu. Á veturnum hafa karlmenn nóg að gera í hirðingu á skepnum en konurnar vinna innandyra við tövinnu. Á vorin fara allir karlmenn sem heimilin mega missa í verið um miðjan febrúar. Flestir þeirra til verstöðvanna undir Jökli en þar hefst vorvertið í kringum góukomu en sunnanlands í kringum kyndilsmessu.
- Menn reka einnig sauði upp á fjall, taka mó til eldiviðar og rista torf til húsagerðar og viðhalds á eldri húsum. Kvenfólkið vinnur á túnum, hreinsar þau, mjólkjar ærnar og gætir lambanna. Yfir sumartímann er heyskapurinn aðalstarfið og er hann rekinn með svipuðum hætti og annarstaðar. Þegar líða fer á haustið eru fjallgöngur aðalstörf manna að heyönnum loknum, þar sem sauðir og lömb eru rekin heim til bæja en slátrun heimilanna fer iðulega fram í október.
- Þá dytta menn gjarnan upp á heimilin fyrir veturnum. Í byggðarlögum í Snæfellsýslu eru fiskveiðar aðalstörf manna. Margir þurfa þó að sinna landvinnu og skepnum sínum, sérstaklega á veturnum og er það með sama hætti og í Kjósarsýslu. Þeir sem leggja mest kapp á sjómenskuna vanrækja oftast skepnur sínar og allan búrekstur. Það er á fárra manna færi að stunda hvoru tveggja að miklu kappi. Við Breiðafjörð og í Dölum eru dagleg störf væru hin sömu og í Borgarfjarðarsýslu.
- Vestlendingar þekkja ennþá minna til skemmtana en Sunnlendingar. Eggert og Bjarni eru áhyggjufullir yfir því hversu snauð þjóðin er af skemmtunum sem geta vakið gleði manna og eytt þunglyndi þeirra. Þá er einnig minna um slíkar skemmtanir upp í sveitunum en við sjávarsíðuna en menn iðka glímur í minni mæli á þessum slóðum en annar staðar. Spil, töfl og skáktöfl eru einnig iðkuð en ekki í ríkum mæli.
- Í Borgarfirði eru útreiðar höfuðskemmtun manna umfram það, sem annarstaðar er títt á Vesturlandi. Eggert og Bjarni telja að Snæfellsnes sé næstum eini staðurinn á landinu þar sem menn stunda glímu í tómstundum sínum. Lestur fornsagna og rímnakveðskaður tíðkast einnig við sjávarsíðuna.



# INNGANGUR



SÓKNARÁÆTLUN  
VESTURLANDS



Í febrúar 2019 hófst vinna við mótun sóknaráætlunar 2020-2024 fyrir Vesturland á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). SSV réði Capasent sem ráðgjafa við vinnuna og hélt fyrirtækið utan um vinnuferlið, viðtöl og samráðsfundi sem haldnir voru vegna verkefnisins. Það ferli sem sett var upp miðaði að því markmiði að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun og auka samkeppnishæfni Vesturlands. Í þeim tilgangi voru mótaðar áherslur að endurskoðaðri framtíðarsýn, meginmarkmiðum og mælanlegum markmiðum til næstu ára.

Unnið var að mótun stefnunnar með því að eiga samráð við hagsmunaaðila og íbúa Vesturlands og fá fram sjónarmið þeirra um Sóknaráætlunina og tengja áætlunina með markvissum hætti við ákvörðun áhersluverkefna og úthlutun verkefna úr uppbyggingarsjóði. Afurð þessarar vinnu er Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024.

Samráðið við mótun Sóknaráætlunar Vesturlands átti sér stað í fjórum fösum. Í fyrsta stað voru tekin viðtöl við stjórnarmenn SSV, fulltrúa úr samráðsvettvangi og styrkþega uppbyggingarsjóðs um stöðu Vesturlands og dregið fram álit þeirra á sóknaráætlanuferlinu. Í maímánuði var efnt til opins stórfundar þar sem dregin var fram framtíðarsýn Vesturlands og skoðanir á forgangsriðun helstu áherslna. Þá var efnt til fundar með samráðsvettvangi um markmið og leiðir nýrrar sóknaráætlunar og framtíðarsýnin rýnd enn frekar. Að lokum var opnað á samráð við alla íbúa um drög nýrrar sóknaráætlunar í gegnum samráðsgátt á vefnum.

# INNGANGUR



SÓKNARÁÆTLUN  
VESTURLANDS



Samráðsvettvangur Vesturlands kom með virkum hætti að ferlinu, en hann skipa 30 fulltrúar sem kom úr hópi kjörinna fulltrúa, atvinnulífs, fræðasamfélagsins, menningarlífi og félagasamtökum.

Aðkoma sveitarfélaga í landshlutanum var virk allt ferlið í gegnum stýrihóp, samráðsvettvang og stjórn SSV.

Í ferlinu var ákveðið að skipta sóknaráætluninni í fimm málaflokka. Atvinna og nýsköpun, Menning, Umhverfi, Samgöngur og Velferð. Fyrir alla málaflokkana er sett fram ein framtíðarsýn fyrir Vesturland en þeim svo skipt niður í megináherslu, 4-6 mælanleg markmið og áherslur fyrir hvern flokk. Við ætlum að taka grunnstöðu í öllum mælanlegum markmiðum 1. janúar 2020 og fylgjast reglulega með framþróun þeirra mælikvarða sem grundvalla mælanlegu markmiðin.

Áherslur og mælanleg markmið hvers flokks fyrir sig eru svo með myndrænum hætti tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

Áherslur og mælanleg markmið sóknaráætlunar verða innleidd í gegnum aðgerðir og verkefni annars vegar uppbyggingarsjóðs Vesturlands og hins vegar þau áhersluverkefni sem ráðist verður í á hverju ári á Vesturlandi.

Skörun á atvinnu- og þjónustusóknarsvæðum við aðra landshluta eiga ekki við í tilfalli Vesturlands.



# Meginmarkmið

Auka **umhverfisvitund** íbúa, stuðla að **kolefnisspor** dragist saman og neikvæð áhrif íbúanna á umhverfið verði sem minnst.



Umhverfi



Samgöngur

Auka **umferðaröryggi** með auknu hlutfalli vega með **bundnu slitlagi**, fjölga **hleðslustöðvum** og auka hlutdeild almenningsgangna.



Atvinna & nýsköpun

Stuðla að vexti atvinnulífs, auka **nýsköpun**, hækka **menntunarstig** og fjölga störfum án staðsetningar.



Velferð

Auka **hamingju**, félagslega virkni og **velliðan íbúa** með fjölbreyttu framboði heilsueflandi afþreyingar.

**SÓKNARÁÆTLUN**  
VESTURLANDS  
2020–2024



Menning

Auka hlutdeild **skapandi** greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera áþreifanlega í **verðmætasköpun** landshlutans.

# FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýn er lýsing í hnitmiðuðu máli á því hvernig heimamenn sjá landshlutann fyrir sér á árinu 2024. Framtíðarsýnin upp dregur mynd af **eftirsóknarverðri stöðu** sem ætlunin er að ná og hverju heimamenn óska að hafa **áorkað** eftir tiltekinn tíma. Sóknaráætlun er einn liður í því að ná þeirri framtíðarsýn sem að er stefnt.

Á Vesturlandi hafa **ný atvinnutækifæri** stutt við **fólksfjölgun** á svæðinu. Ungt fólk sér landshlutann sem aðlaðandi kost til **búsetu** í krafti góðrar þjónustu, sterkra innviða, öflugs atvinnulífs og **menningarstarfs**. Aðgengi að **náttúruperlum** er gott og **laðar** að gesti og íbúa. Vesturland er til fyrirmyndar í **sjálfbærni**, **umhverfismálum** og **nýtingu auðlinda**.



# VESTURLAND

Vesturland nær yfir svæðið frá botni Gilsfjarðar í norðri og að botni Hvalfirði í suðri. Frá Snæfellsnesi í vestri og upp á Langjökul í austri. Á svæðinu búa um 16.500 manns (1. janúar 2019) sem skiptast niður á 10 sveitarfélög. Fjölmennastur er Akraneskaupstaður með ríflega 7.400 íbúa. Undanfarin ár hefur íbúum fjölgað verulega í sunnanverðum landshlutanum. Á sama tíma hefur íbúafjöldi á Snæfellsnesi staðið í stað og í Dölum hefur íbúum fækkað.



16.500 íbúar



10 sveitarfélög

# STÖÐUMAT

## Atvinna og nýsköpun

- Á Vesturlandi er sjávarútvegur og iðnaður öflugur og mikið er um störf í ferðaþjónustu.
- Á Vesturlandi er opinber þjónusta og þjónusta almennt mikilvæg atvinnugrein.
- Á Vesturlandi eru fjölmörg tækifæri í nýsköpun og skapandi greinum.

## Umhverfi

- Á Vesturlandi hafa umhverfismál verið í deiglu og margar áskoranir eru framundan.
- Á Vesturlandi hefur orðið vakning í aukinni bindingu kolefnis og jafnframt því að breyta hegðunarmynstri sem snýr að kolefnislosun.
- Á Vesturlandi hefur sorpurðun aukist á undanförunum árum.

## Menning

- Á Vesturlandi er öflugt menningarstarf sem eykur lífsgæði íbúa og dregur að gesti.
- Á Vesturlandi er framlegð skapandi greina til heildarinnar einna hæst á landinu.
- Á Vesturlandi eru gríðarleg tækifæri í að tengja matvælaframleiðslu, menningu og þjónustu við ferðafólk.

## Samgöngur

- Á Vesturlandi eru 14% alls vegakerfis landsins.
- Á Vesturlandi eru almenningsamgöngur valkostur.
- Á Vesturlandi er samstaða og áætlun um forgangsriðun samgöngubóta.

## Velferð

- Á Vesturlandi eru íbúar undir landsmeðaltali er kemur að hamingju.
- Á Vesturlandi er almenn ánægja með heilsugæslu og málefni aldraðra.
- Á Vesturlandi er ánægja með íþrótt- og æskulýðsstarf.

# STAÐA LANDSHLUTANS

## Helstu styrkleikar

- Einstök náttúra
- Nálægð við höfuðborgarsvæðið
- Aðgengilegar auðlindir
- Gott mannlíf
- Öflugir þéttbýlisstaðir

## Helstu veikleikar

- “Vesturland” sem hugtak
- Miskröftugt atvinnulíf
- Ólíkt þjónustuframboð
- Fækkun íbúa í dreifbýli

## Helstu áskoranir

- Samstarf sveitarfélaga
- Skipulagsmál
- Umhverfismál
- Hækkað menntunarstig

## Helstu tækifæri

- Mannauður
- Menntastofnanir
- Skapandi greinar
- Landnýtingarmöguleikar
- Samgöngubætur



# STEFNA OG MEGINMARKMIÐ MÁLAFLOKKA

Ytri áhrifaþættir




## UMHVERFISMÁL



RÍKIÐ

**SAMGÖNGUR**




Auka **umferðaröryggi** með auknu hlutfalli vega með **bundnu slitlagi**, fjölga **hleðslustöðvum** og auka hlutdeild almenningsgangna.

**UMHVERFI**




Auka **umhverfisvitund** íbúa, stuðla að **kolefnisspor** dragist saman og neikvæð áhrif íbúanna á umhverfið verði sem minnst.

**ATVINNA OG NÝSKÖPUN**



Stuðla að vexti atvinnulífs, auka **nýsköpun**, hækka **menntunarstig** og fjölga störfum án staðsetningar.

**MENNING**



Auka hlutdeild **skapandi** greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera áþreifanlega í **verðmætasköpun** landshlutans.

**VELFERÐ**



Auka **hamingju**, **félagslega virkni** og vellíðan íbúa með fjölbreyttu framboði heilsueflandi afþreyingar.

SVEITARFÉLÖG



## FJÓRÐA IÐNBYLTINGIN

# HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

## Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun


Heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar.

Með henni er einnig leitast við að stuðla að friði um gjörvalla heim og þar með auknu frelsi.



# MÆLANLEG MARKMIÐ

1. Að **verðmætasköpun** í fyrirtækjum hækki um **10%**
2. Að **verk- og tæknimenntuðum íbúum** fjölgi um **7,5%**
3. Að hækka **menntunarstig íbúa** um **5%**
4. Að **tekjur atvinnulífsins af ferðmönnum hækki** um **10%**
5. Að fjölga **opinberum störfum (ríkisstörf)** um **10%**
6. Að fyrirtæki auki **framlög til rannsókna og þróunar** um **15%**
7. Að **fjölbreytni starfa** aukist um **5%**



## Atvinna & nýsköpun

Stuðla að vexti atvinnulífs, auka **nýsköpun**, hækka **menntunarstig** og fjölga störfum án staðsetningar.



# ÁHERSLUR



## Atvinna & nýsköpun

1. Við viljum vinna að uppbyggingu **nýsköpunar- og hátæknigarða** á Vesturlandi.
2. Við viljum að Vesturland sé **þekkt** fyrir fagra náttúru, áhugaverða sögu, menningu og matarauð.
3. Við viljum bæta **orkunýtingu** á Vesturlandi með fræðslu og öðrum aðgerðum.
4. Við viljum efla **tengingu** atvinnulífs og skóla á Vesturlandi.
5. Við viljum stuðla að **jákvæðni íbúa** Vesturlands til ferðaþjónustu.
6. Við viljum vinna að því að Vesturland verði tilbúið fyrir fjórðu iðnbyltinguna.
7. Við viljum auka rannsóknir í atvinnulífi á Vesturlandi.
8. Við viljum stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda.
9. Við viljum auka rannsóknir á atvinnulífi á Vesturlandi.
10. Við viljum efla **landbúnað** og styrkja þannig **byggð í dreifbýli**.
11. Við viljum hvetja fyrirtæki, frumkvöðla og opinbera aðila á Vesturlandi til að eiga í **viðskiptum og samstarfi** sín á milli.

# MÆLANLEG MARKMIÐ

1. Að draga úr losun kolefnis um 10%
2. Að draga úr sörpurðun um 40%



## Umhverfi

Auka **umhverfisvitund** íbúa, stuðla að **kolefnisspor** dragist saman og neikvæð áhrif íbúanna á umhverfið verði sem minnst.





# ÁHERSLUR



## Umhverfi

1. Við viljum **binda meira kolefni** á Vesturlandi.
2. Við viljum almennt auka hlut **endurnýjanlegra orkugjafa** á Vesturlandi.
3. Við viljum auka rannsóknir á **umhverfismálum** á Vesturlandi.
4. Við viljum auka **fræðslu og vitund** á umhverfismálum á Vesturlandi.
5. Við viljum að Vesturland verði **umhverfisvottað**.
6. Við viljum að við gerð skipulagsáætlana á Vesturlandi sé tekið tillit til **polmarka** náttúru og samfélags.
7. Við viljum tryggja **sjálfbærni** varðandi alla nýtingu auðlinda á Vesturlandi.
8. Við viljum **auka endurvinnslu** á heimilissorpi.
9. Við viljum **minnka plastnotkun**.

# MÆLANLEG MARKMIÐ

1. Að auka **hlutdeild skapandi greina** (menninga og lista) í veltu atvinnulífsins úr **4.0% í 4.5%**
2. Að **viðhorf íbúa til menningar** verði **7%** jákvæðara
3. Að **menningartengdum umsóknum** í Uppbyggingarsjóð fjölgi um **20%**
4. Að fjármagn til **menningarstyrkja hækki** um **20%**



## Menning

Auka hlutdeild **skapandi greina** í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera ápreifanlega í **verðmætasköpun** landshlutans.



# ÁHERSLUR

1. Við viljum efla samstarf um **safnamál** á Vesturlandi.
2. Við viljum auka stuðning við **grasrótar- og sjálfböðastarf** á Vesturlandi.
3. Við viljum efla kennslu í áttthagafræði innan skóla á Vesturlandi.
4. Við viljum tengja saman **sögu og matarmenningu** á Vesturlandi.
5. Við viljum gera Vesturland þekkt fyrir **fjölbreytni** í menningarlífi og afþreyingu allt árið með öflugri



## Menning

- markaðssetningu.
6. Við viljum efla **menningar- og sögutengda** ferðaþjónustu á Vesturlandi.
  7. Við viljum **bæta nýtingu** félagsheimila og menningarhúsa í þágu **fjölbreyttrar menningar** á Vesturlandi.
  8. Við viljum leggja sérstaka áherslu á **menningartengda nýsköpun** á Vesturlandi.

# MÆLANLEG MARKMIÐ

1. Að hlutfall vega með **bundnu slitlagi** aukist um **15%**
2. Að auka **öryggi í umferðinni** um 20%
3. Að fjölga **hleðslustöðvum** um **50%**
4. Að **viðhorf íbúa** til vegakerfisins verði **3.3**
5. Að fjöldi farþega sem nota **almenningsamgöngur** aukist um **10%**



## Samgöngur

Auka **umferðaröryggi** með auknu hlutfalli vega með **bundnu slitlagi**, fjölga **hleðslustöðvum** og auka hlutdeild almenningsamgangna.



# ÁHERSLUR



Samgöngur

1. Við viljum að markvisst verði unnið að auknu öryggi í **samgöngum** á Vesturlandi til sjós og lands
2. Við viljum stuðla að bættu **ástandi vega** á Vesturlandi
3. Við viljum stuðla að bættu ástandi **lendingarstaða** á Vesturlandi.
4. Við viljum stuðla að **bættu ástandi** hafna á Vesturlandi
5. Við viljum að **almenningsamgöngur** taki mið af þörfum íbúa og atvinnulífs á Vesturlandi
6. Við viljum stuðla að **sterkum og öflugum** fjarskiptum á Vesturlandi

# MÆLANLEG MARKMIÐ

1. Að **hamingja íbúa** aukist um **5%**.
2. Að **vellíðan á meðal eldri borgara** mælist **4.0**.
3. Að viðhorf íbúa varðandi möguleika til **íþróttaiðkunar** mælist **4.2**.



## Velferð

Auka **hamingju, félagslega virkni** og vellíðan íbúa með fjölbreyttu framboði heilsueflandi afþreyingar.



# ÁHERSLUR

1. Við viljum auka **félagslega virkni** íbúa á Vesturlandi.
2. Við viljum bæta **lífsgæði** eldri borgara á Vesturlandi.
3. Við viljum auka **forvarnir og heilsueflingu** á Vesturlandi.
4. Við viljum að félags- og heilbrigðisþjónusta á Vesturlandi með sérstaka áherslu á **geðheilbrigði** standi öllum íbúum til boða.
5. Við viljum að íbúar á Vesturlandi með skerta starfsgetu fái **aðstoð, stuðning og tækifæri** til að vera þátttakendur á vinnumarkaði.
6. Við viljum gera **öldruðum** á Vesturlandi kleift að búa sem lengst á eigin heimili.
7. Við viljum **auðvelda og samræma** aðgengi að upplýsingum um velferðarþjónustu á Vesturlandi
8. Við viljum að **heilsa og vellíðan** íbúa á Vesturlandi verði höfð að leiðarljósi við alla opinbera ákvarðanatöku.



Velferð

	MARKMIÐ	MÆLIKVARÐI	TÍMASETT	STAÐA 2019	UPPRUNI MÆLINGA	TÍÐNI MÆLINGA
1	Að verðmætasköpun í fyrirtækjum aukist um 10%	10%	2025		<i>Fyrirtækjakönnun</i>	Árlega
2	Að verk- og tæknimenntuðum íbúum fjölgi um 7,5%	7,5%	2025		<i>Íbúakönnun</i>	Árlega
3	Að hækka menntunarstig íbúa um 5%	5%	2025		<i>Íbúakönnun</i>	Árlega
4	Að tekjur atvinnulífsins af ferðmönnum aukist um 10%	10%	2025		<i>Fyrirtækjakönnun</i>	Árlega
5	Að fjölga ríkisstörfum um 10%	10%	2025		<i>Byggðastofnun</i>	Árlega
6	Að fyrirtæki auki framlög til rannsókna og þróunar um 15%	15%	2025		<i>Fyrirtækjakönnun</i>	Árlega
7	Að fjölbreytni starfa aukist um 5%	5%	2025		<i>Íbúakönnun</i>	Árlega
8	Að draga úr losun kolefnis um 10%	10%	2025		<i>Útreikningur kolefnis</i>	Árlega
9	Að draga úr sorpurðun um 40%	40%	2025		Magn sorps í Fífilholtum	Árlega
10	Að auka hlutdeild skapandi greina (menninga og lista) í veltu atvinnulífsins úr 4.0% í 4.5%	4,5%	2025		<i>Fyrirtækjakönnun</i>	Árlega
11	Að viðhorf íbúa til menningar verði 7% jákvæðara	7%	2025		<i>Íbúakönnun</i>	Árlega
12	Að menningartengdum umsóknum í Uppbyggingarsjóð fjölgi um 20%	20%	2025		Tölfræði SSV	Árlega
13	Að fjármagn til menningarstyrkja hækki um 20%	20%	2025		Tölfræði SSV	Árlega
14	Að hlutfall vega með bundnu slitlagi aukist um 15%	15%	2025		Samantekt Vegagerðarinnar	Árlega
15	Að auka öryggi í umferðinni um 20%	20%	2025		<i>Íbúakönnun - Vegagerðin</i>	Árlega
16	Að fjölga hleðslustöðvum um 50%	50%	2025		Tölfræði SSV	Árlega
17	Að viðhorf íbúa til vegakerfisins verði 3.3	3.3	2025		<i>Íbúakönnun</i>	Árlega
18	Að fjöldi farþega sem nota almenningssamgöngur aukist um 10%	10%	2025		Farþegatölur Strætó	Árlega
19	Að hamingja íbúa aukist um 5%	5%	2025		<i>Íbúakönnun</i>	Árlega
20	Að vellíðan á meðal eldri borgara mælist 4.0	4.0	2025		<i>Íbúakönnun</i>	Árlega
21	Að viðhorf íbúa varðandi möguleika til íþróttaiðkunar mælist 4.2	4.2	2025		<i>Íbúakönnun</i>	Árlega



# VIÐAUKI 2: TENGLS VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNAR





# ATVINNA & NÝSKÖPUN

## TENGSL VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR

- 4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- 8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuafsfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.
- 8.4 Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi.
- 8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.
- 9.5 Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.



# UMHVERFI

## TENGLI VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR

- 6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.
- 6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.
- 11.A Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðapróun á landsvísu og innan svæða.
- 12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- 12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.
- 13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.
- 14.3 Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, t.d. með því að efla vísindasamstarf á því sviði.
- 15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, votlendis, fjalllendis og þurkkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.
- 15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.



# MENNING

## TENGLI VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR

- 4.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- 4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- 8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.
- 10.2 Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnámum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.
- 17.17 Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrúmi.



# SAMGÖNGUR

## TENGLI VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR

- 3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.
- 7.2 Eigi síðar en árið 2030 hafi hlutfall endurnýjanlegrar orku af orkugjöfum heimsins aukist verulega.
- 11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningsamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötluðu fólki og öldruðum.
- 11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.



## VELFERÐ

## TENGSL VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR

- 3.4 Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.
- 3.5 Efldar verði forvarnir og meðferð vegna misnotkunar vímuefna, þar á meðal fíkniefna og áfengis.
- 10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.
- 16.1 Dregið verði verulega úr hvers kyns ofbeldi og dauðsföllum sem rekja má til þess.

# SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

2020 - 2024



SÓKNARÁÆTL  
UN  
VESTURLANDS



SAMTÖK  
SVEITARFÉLAGA  
Á VESTURLANDI